

## Ársskýrsla Bláa hersins á afmælisárinu 2020.

Janúar.

Hefðbundnir girðingarrúntar fyrir ISAVIA. Hreinsað það sem stingur í stúf. Farið til Tallinn á Lets do it world ráðstefnuna. Hélt fyrirlestur um hringrásarhagkerfið á Íslandi.

Febrúar.

Toyota afhendir okkur nýjan Hilux í tilefni af 25 ára afmæli samtakanna. Glæsilegur vagn í alla staði. Girðingar skoðaðar reglulega.

Mars

Arnarvallagirðingin hreinsuð eftir rosa hvell og mikið rusl. Hefðbundið eftirlit á öðrum svæðum.

Apríl.

Kerran máluð í stíl við bílinn. Plokkdagurinn undirbúinn og framkvæmdur í öllum sveitarfélögum Reykjanesskagans. Samtals yfir 5 tonn af rusli hreinsað og um 70 manns mættu. Blái herinn útvegaði alla poka og hafði yfirumsjón með verkefninu. Fór einn Sandvíkur hreinsirúnt. Girðingarrúntar framkvæmdir.

Maí.

Gryfjan í Sandgerði hreinsuð, tók 4 daga, hinn árlegi hreinsunardagur með ISAVIA var haldinn, eingöngu fámennur hópur og ekkert grill eftirá.

Júni.

Fór norður á Strandir í vettvangsferð og skoðaði fjörur Trékyllisvíkur. Kom með fullan bíl af pokum til að nota á svæðinu seinna meir. Ákveðið að koma þann 16 aftur með hjólhýsið. Unnið við fjöruhreinsun í Finnbogastaðafjöru í tvo daga ásamt fólki frá Ferðafélagi Íslands. Hreinsuð 2 tonn. Fórum hjónin í aðra firði og litakóðuðum fjörur sem eru mjög slæmar, Ingólfsfjörður og Ófeigsfjörður. létum okkur svo hverfa af svæðinu eftir 4 daga og skoðuðum þetta fallega svæði.

Júlí.

Fórum á Vestfirði með hjólhýsið og skoðuðum marga firði, víkur og voga og litakóðuðum svæðin, hittum marga heimamenn og heimsóttum m.a. Núp í Dýrafirði. Vorum í viku.

Ágúst.

Hreinsað til í fjörum Fuglavíkur í landi Sandgerðis. Fórum hringinn og skoðuðum mjög margar fjörur, litakóðuðum mörg svæði og hittum fjöldann allan af heimamönnum og varðliðum umhverfisins eins og á Vestfjörðum. Vorum í 8 daga í guðdómlegu veðri allan tímann. Fór í Selvoginn í fjöruskoðun og litakóðun. Hampiðjudagurinn haldinn hátíðlegur með 50 manns frá starfsmannafélaginu, Forsetinn mætti og reif úr fjörunum heilu netadræsurar ásamt Hirti forstjóra. Frábær dagur sem skilaði 4.330 kg. sem Hampiðjan tók í sinn endurvinnsluferil. Hefðbundnir girðingarrúntar.

Sept.

Ósabotnarferð ásamt meðlimum Jamestown hópsins, tókum með okkur strigapoka og fylltum af fjörugóssi. Við vorum í menningar og fræðsluferð á svæðinu þar sem Jamestown strandaði árið 1881. World Cleanup Day haldinn hátíðlegur og starfsfólk skrifstofu Evrópuráðsins og sendiráðsfólk frá nokkrum sendiráðum kom í Selvoginn ásamt sjálfboðaliðum frá SEEDS. 40 manns í það heila og 1 tonn af fjörugóssi hreinsað upp. Hefðbundnir girðingarrúntar.

Október.

Keyptur dróni og nokkrar fjörur skoðaðar með honum og svæði litakóðuð. Brimketilssvæðið hreinsað 2svar ásamt sjálfboðaliðum frá SEEDS. 20 manns og eitt tonn. Selvogshreinsun framkvæmd 2svar ásamt sjálfboðsliðum frá SEEDS. 25 manns og eitt tonn af fjörugóssi. Hefðbundnir girðingarrúntar.

Nóvember.

Hreinsað til á Rockville svæðinu og malargryfjan í Garðinum skoðuð. Hefðbundnir girðingarrúntar.

Desember.

Mölvík, Krossvík, Sandvík og svæði norðan Reykjanesvirkjunnar drónaskoðuð og litakóðuð.

Gerður samstarfssamningur við SSS og Reykjanes Geopark um að gera Reykjanesið að hreinasta landsvæði Íslands, bæði fjörur og opin svæði. BH litakóðar svæðin og síðan verður skaganum deilt niður í hólf og úthlutað til hreinsunar. Verkefnastjórn verður í höndum BH. Sveitarfélögin á Reykjanesi heita stuðningi við verkefnið. Hefðbundnir girðingarrúntar.

Endurnýjaðir samningar við Toyota á Íslandi, Hampiðjuna og Brim.

Samtals voru hreinsuð 27.330 kg. af "hráefni" úr umhverfi Íslands sem ekki átti þar heima og komið í þá endurvinnsluferla sem eru í boði. Einnig var safnað 25.140 kg. af rafgeymum og komið í efnaeyðingu hjá Terra.

Alls komu 275 manns í hreinsunarverkefnið okkar, allar sóttvarnarreglur og viðhlýtandi ráðstafanir viðhafðar, það var sprittað og haldin fjarlægðarmörk og farið eftir sóttvarnarlögum í hvítetna. Sveitarfélögin á Reykjanesi höfðu sérstaka fjöruhreinsunardaga fyrir vinnuhópa unglingsvinnunnar sem tókst vonum fram og þeim til mikils sóma.

Forseti Íslands er Verndari verkefna Bláa hersins.

Virðingarfyllt

Tómas J. Knútsson

Framkvæmdarstjóri